

# Viðhorf ungs fólks til pólitískrar þátttöku

**Ragný Þóra Guðjohnsen**, aðjúnkt í uppeldis- og menntunarfræðideild  
Háskóla Íslands

**Sigrún Aðalbjarnardóttir**, prófessor í uppeldis- og menntunarfræðideild  
Háskóla Íslands

## Útdráttur

Markmið rannsóknarinnar er að kanna viðhorf ungmenna til pólitískrar þátttöku, annars vegar félagslegrar þátttöku, eins og að vernda umhverfið og vinna að mannréttindum, og hins vegar stjórn málaþátttöku, eins og að kjósa og ganga í stjórn mála flokk. Viðhorf ungmennanna er athugað í tengslum við skilning þeirra á lýðræði og samhygð þeirra; stuðning foreldra og bæði þeirra eigin þátttöku og foreldra þeirra í félags- og stjórn málastarfi. Rannsóknin er hluti rannsóknarverkefnisins „Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi“. Þátttakendur voru 14 og 18 ára ungmenni, alls 1042 talsins. Spurningalistar voru lagðir fyrir þau og viðtöl tekin við 21 ungmenni.

Nokkuð ólíkar niðurstöður komu fram eftir því hvort pólitísk þátttaka var af félagslegum eða stjórn mála legum toga. Hærra hlutfall ungmennanna lagði áherslu á félagslega þátttöku fólks en stjórn mála þátttöku. Eftir því sem skilningur ungmennanna á lýðræði var meiri og samhygð ríkari þeim mun líklegri voru þau til að telja félagslega þátttöku fólks mikilvæga. Sama átti við um þau sem upplifðu meiri stuðning foreldra sinna og ef þau og foreldrar þeirra höfðu tekið þátt í sjálfbodnu félagsstarfi. Færri þættir tengdust viðhorfi til stjórn mála þátttöku. Stúlkur, sem töldu atriði sem einkenna lýðræði mikilvæg, og eins þau ungmenni, sem áttu foreldra sem tóku þátt í stjórn málastarfi, höfðu jákvæðara viðhorf til stjórn mála þátttöku.

Í viðtölunum kom fram að ungmennin töldu félagslega þátttöku mikilvæga leið til að láta rödd sína heyrast, vera virk og hafa áhrif á samfélagsleg mál.



Icelandic Review of Politics and Administration Vol. 13, Issue 2 (287-310)

© 2017 Contact: Ragný Þóra Guðjohnsen, ragny@hi.is

Article first published online December 14th 2017 on <http://www.irpa.is>

Publisher: Institute of Public Administration and Politics, Gimli, Sæmundargötu 1, 101 Reykjavík, Iceland

Stjórn mála & stjórnsýsla 2. tbl. 13. árg. 2017 (287-310) Fræðigreinar

© 2017 Tengiliður: Ragný Þóra Guðjohnsen, ragny@hi.is

Vefbirting 14. desember 2017 - Birtist á vefnum <http://www.irpa.is>

Útgefandi: Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála, Gimli, Sæmundargötu 1, 101 Reykjavík

DOI: <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2017.13.2.6>

This work is licensed under a Creative Commons Attribution 3.0 License.

Skortur á trausti á stjórnvöldum drægi úr stjórnmalapátttöku ungs fólks. Þau kölluðu jafnframt eftir kynningu á leiðum og vettvangi til þátttöku.

**Efnisorð:** Pólíttísk þátttaka; ungmenni; blönduð rannsókn.

## Young people's views on political participation

### Abstract

The aim of the study is to explore young people's attitudes towards political participation, both towards social-movement participation, such as taking part in protecting the environment and advocate for human rights; and towards more conventional participation such as voting. Their attitudes are examined in relation to their understanding of democracy, their empathy level, their parents' support, and both their own and their parents' conventional and social-movement participation. The study is a part of the research project, Young People's Civic Engagement in a Democratic Society. The participants are Icelandic, age 14 and 18, in total 1042. They all responded to a questionnaire and 21 of them were interviewed.

The study's main findings were: Proportionally more young people emphasized social-movement participation than conventional participation. The more understanding they had of democracy and the higher level of empathy they expressed, the more positive attitudes they had towards social-movement participation. Furthermore, those who experienced more parental support and reported their own or their parents' conventional and social-movement participation had more positive attitudes towards social-movement participation. Fewer factors were related to the young people's attitudes towards conventional participation. The more girls found characteristics of democracy important, the more positive attitudes they had towards conventional participation; also, if their parents had participated in political parties.

The interviews revealed that the young people felt social-participation an important way to have a voice, be active, and to have an impact on societal issues. Lack of trust towards authorities reduced their political participation. Also, they called for information about ways and fields to be active.

**Keywords:** Political participation; young people; mixed method.

### Inngangur

Vakning hefur orðið í lýðræðisríkjum um mikilvægi þess að efla borgaravitund ungs fólks. Margt kemur þar til, m.a. hröð alþjóðavæðing, efnahagslegar breytingar, fjölmenn- ingarleg samfélög og mannréttindasáttmálar þar sem kallað er eftir ríkari borgaravitund fólks og virkri þátttöku borgaranna í málefnum samfélagsins (t.d. Sherrod, Torney-Purta & Flanagan 2010).

Fólk er ekki aðeins hvatt til þess að kjósa fulltrúa til að fara með sín mál (fulltrúa- lýðræði) heldur einnig til að ræða hagsmunamál samfélagsins og hafa áhrif á ákvörð-

unartöku (þáttökulýðræði). Ýmislegt bendir til þess að krafa um þáttökulýðræði sé að aukast; að leitað sé eftir skoðunum borgaranna, til dæmis í grenndarsamfélaginu áður en mikilvægar ákvarðanir eru teknar sem snerta líf þeirra (Guðmundur Heiðar Frímansson 2006; Gunnar Helgi Kristinsson 2014).

Lítið er svo á að borgaravitund og virk þátttaka borgaranna sé ein af meginstöðum lýðræðis og því mikilvægt á hverjum tíma að ala upp kynslóð sem hefur áhuga á og færni til að láta sig mál samfélagsins varða (t.d. Flanagan 2013; Sigrún Aðalbjarnardóttir 2007). Hugsjónin er sú að skapa sterkt samfélag þar sem borgararnir leggja sitt af mörkum til að efla félagsauð, leita samfélagslegra lausna og vinna að umbótum með það að markmiði að gera samfélagið að betri stað fyrir borgarana.

Upp úr aldamótum 2000 fór að bera á áhyggjum af því að unga fólk tæki ekki nægilega virkan þátt í samfélaginu sem borgarar (t.d. Putnam 2000; Smith, Christoffersen, Davidson & Herzog 2011). Jafnframt eru vísbendingar um minni áhuga þess á málefnum samfélagsins (t.d. Neundorf, Smets & García-Albacete 2013), þar á meðal á stjórnámum og kosningum (Galston 2001), og minna traust þeirra til stjórnvalda (Jennings & Stoker 2004).

Minnkandi kosningaþátttaka ungs fólks hefur leitt til vangaveltna um afleiðingar hennar fyrir lýðræðisleg gildi og stjórnskipulag. Til að mynda hefur vakið sérstaka athygli að ungmenni í grónum lýðræðisríkjum telja ekki eins mikilvægt og ungmenni í ungum lýðræðisríkjum að þau sjálf séu virk í stjórnmalastarfi, þ. á m. kosningum (Torney-Purta & Amadeo 2003). Þrátt fyrir þetta bendir þó ýmislegt til þess að ungt fólk hafi áhuga á tilteknum samfélagsmálum, eins og jafnréttismálum, og að vernda mannréttindi og umhverfið (Hooghe, Oser & Marien 2016). Kosningaþátttaka ungs fólks segir því ekki alla söguna um virkni unga fólksins sem samfélagsborgara.

Viðbrögð við áskorunum um að efla þurfi borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélögum hafa ekki látið á sér standa. Fræðimenn og stefnumótandi aðilar hafa frá síðustu aldamótum lagt aukna áherslu á borgaravitund ungmenna (t.d. Evrópuráðið 2011; OECD 2011). Í því felst m.a. að auka skilning ungmenna á lýðræði og mannréttindum og efla færni þeirra í að taka þátt í lýðræðissamfélagi (t.d. Banks 2017). Þessi áhersla hefur m.a. birst í menntastefnu þjóða bæði í Evrópu (Evrópuráðið 2011) og hér á landi (Menntamálaráðuneytið 2011). Hún byggist á rannsóknum um mikilvægi lýðræðislegrar þekkingar og skilnings fyrir ungt fólk og þess að einstaklingur upplifi að það hafi persónulega merkingu fyrir sig að búa í lýðræðisríki (Print & Lange 2013).

Borgaravitund íslenskra ungmenna hefur lítt verið könnuð til þessa. Markmið rannsóknarinnar „Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi“ er að leggja þar af mörkum. Í þessum hluta rannsóknarinnar beinist athyglin að viðhorfum ungmenna til pólitískrar þátttöku. Pólitísk þátttaka í rannsókninni beinist annars vegar að **pólitískri stjórnmaláþátttöku** fólks (hér eftir nefnd „stjórnmaláþátttaka“), eins og að kjósa og ganga í stjórnmalaflokk (e. conventional citizenship), og hins vegar að **pólitískri félagsþátttöku** fólks (e. social-movement related citizenship), eins og að vernda umhverfið og vinna að mannréttindum (Torney-Purta, Schwille & Amadeo 1999). Þessum greinarmun á pólitískri þátttöku fólks verður haldið í þessari grein.

## 1. Hugtakið borgaravitund

Hugtakið *borgaravitund* (e. citizenship; civic engagement) í lýðræðisþjóðfélagi vísar til vitundar fólks um hvað það merkir að vera samfélagsborgari með þeim lýðréttindum, skyldum og ábyrgð sem því fylgir og endurspeglast í þátttöku þess í samfélaginu. Borgaravitund fólks felur þannig m.a. í sér þekkingu og skilning á lýðræði og lýðræðislegum gildum (Sigrún Aðalbjarnardóttir 2007).

Merking hugtaksins hefur þróast frá því að vísa fyrst og fremst til stjórnmálaviðhorfa fólks og athafna eins og kosningaþátttöku (Kubow, Grossman & Ninomiya 2012) til þess að vísa jafnframt til þátta eins og borgaralegra réttinda fólks, ábyrgðar og skyldna sem felast í því að vera borgari í samfélagi. Þá er gjarnan vísað til ýmiss konar félagsþátttöku m.a. í samfélagslegum hreyfingum þar sem t.d. er unnið að samfélagshjálp og umhverfis- og mannréttindamálum (Flanagan 2013). Merking þess að vera „góður borgari“ hefur því víkkað og talið er að rík borgaravitund geti birst á mismunandi vegu. Dæmi um það er þegar borgarinn (i) kemur fram á ábyrgan hátt í umhverfi sínu (t.d. hlýðir lögum, tekur þátt í endurvinnslu, gefur blóð), (ii) tekur virkan þátt í samfélagsmálum bæði í nærumhverfi sínu, þjóðfélaginu og í samfélagi þjóða og (iii) leggur áherslu á réttlæti (Westheimer & Kahne 2004).

## 2. Pólítísk þátttaka

### 2.1 Stjórnmálþátttaka

Í vestrænum heimi sjást ekki aðeins merki um minnkandi kosningaþátttöku fólks og þá einkum meðal ungs fólks (Eva H. Önnudóttir & Ólafur Þ. Harðarson 2014; Flanagan 2013) heldur einnig um færri skráningar þess í stjórnmálaflokka (Bolzendahl og Coffé 2013) og óánægju með opinberar stofnanir (Blais & Rubenson 2013). Niðurstöður rannsókna gefa almennt til kynna að traust ungs fólks til stjórnmálaflokka og stjórnvalda hafi minnkað (Martin 2012).

Kjörsókn hefur um árabíl verið mikil á Íslandi (Hagstofa 2017a) eða um 90% lengst af í lýðveldissögunni. Frá aldamótum 2000 hefur þó dregið jafnt og þétt úr þeirri þátttöku og var hún í sögulegu lágmarki í Alþingiskosningunum 2016 eða 79,2%. Sama þróun hefur orðið í sveitarstjórnarkosningum. Árið 2014 var kjörsóknin sú minnsta sem mælt hafði í slíkum kosningum (66,5%) og hafði þá lækkað um 12 prósentustig frá kosningunum tveimur kjörtímabilum fyrr, þ.e. árið 2006 (Hagstofa 2017b). Í forsetakosningum 2016 var kosningaþátttakan hjá aldurshópnum 18–24 ára í kringum 63% (Hagstofa 2017c).

Fræðimenn hafa skoðað ýmsa þætti í þeirri viðleitni að skýra af hverju unga kynslóðin telur síður en fyrri kynslóðir að kosningaþátttaka sé hluti af borgaralegum skyldum (Wattenberg 2016). Til sögunnar hafa verið nefndir ýmsir þættir sem rannsóknir hafa gefið til kynna að skýri minni þátttöku. Hér má nefna lækkun kosningaaldurs (t.d. Franklin 2004), minni samkeppni milli stjórnmálaflokka (Johnston, Matthews & Bittner 2006), mismunandi menningu kynslóða og breytt gildismat sem einkum felst í að yngri kynslóðir tengja kosningaþátttöku síður en þær eldri við borgaralega skyldu og hafa minni trú á að geta haft áhrif með atkvæði sínu (Blais & Rubenson 2013).

Á sama tíma og leitað hefur verið skýringa á minnkandi kjörsókn hafa rannsakendur kannað ástæður þess að unga fólkið velur í auknum mæli ný borgaraleg þátttökuform (Hooghe & Oser 2015). Niðurstöður gefa á sama hátt til kynna að skýringarnar sé helst að finna í breyttu gildismati fólks, viðhorfum þeirra og markmiðum í lífinu (Twenge o.fl. 2012). Ungt fólk leggi í auknum mæli áherslu á einstaklingsgildi (Inglehart & Welzel 2010) og geri ríka kröfu til frelsis og sjálfsákvörðunarréttar. Þetta hafi það í för með sér að unga fólkið velji sér síður þátttökuform eins og að vera flokksbundið í stjórnmála-flokki en kjósi þess í stað að taka þátt í tímabundnum pólitískum baráttuverkefnum og að leggja málum lið sem höfði sérstaklega til þeirra sjálfra (Bennett & Segerberg 2013).

Þá hafa Grétar Þór Eypórsson og Eva H. Önnudóttir (2017) kannað viðhorf ungs fólks á Íslandi til kosningaþátttöku. Í niðurstöðum kom fram að algengasta ástæðan, sem það nefndi fyrir að kjósa ekki, var að hafa ekki nennt því eða ekki haft áhuga á því. Tjla rannsakendur að þetta geti verið merki um óánægju ungs fólksins með stjórnmálin sem hugsanlega sé ein af afleiðingum fjármálakreppunnar 2008 og atburðum henni tengdum.

## 2.2 Pólitísk félagsþátttaka

Athuganir á pólitískri félagsþátttöku ungs fólks gefa til kynna að ungmenni vilji taka þátt í pólitík en að þau kjósi að fara sínar eigin leiðir (Bennett & Segerberg 2013; Hooghe o.fl. 2016). Ungu fólkið sækist í ríkari mæli en áður eftir því að taka þátt í tímabundnum pólitískum verkefnum (Norris 2011) sem oft eru óformleg og utan stofnana (Hooghe o.fl. 2016; Kahne, Middaugh & Allen 2015). Þar beinist áherslan fremur að tilteknum málefnum en að formlegri aðild að félagsamtökum og stofnunum (Copeland 2014).

Þá virðist sem færst hafi í aukana að ungmenni láti til sín taka ef málefni höfða sérstaklega til þeirra (Amná & Ekman 2015). Rannsókn Haste og Hogan (2006) á viðhorfum ungmenna til borgaralegrar þátttöku gaf til kynna að skuldbinding við tiltekinn málstað eða ákveðna baráttu verði gjarnan hvati til þátttöku ungs fólks og þess að þau vilji láta til sín taka í pólitísku félagsstarfi og samfélagslegum umbótum. Gott dæmi um slíka þátttöku er brjóstabyltingin (e. free the nipple) sem kom fyrst fram árið 2012 og dreifðist hugmyndafræði hennar síðan víða um heim, meðal annars til Íslands árið 2015.

Pólitísk þátttaka ungs fólks, sem tengist félagslegum hreyfingum, hefur því orðið meira áberandi á síðustu áratugum (t.d. bandarísk langtímarannsókn 1976–2008; Twenge, Campbell & Freeman 2012). Einkum er um að ræða ýmiss konar sjálfboðaliðastörf. Komið hefur fram að slík þátttaka ungmenna veiti þeim tækifæri til þess að efla borgaravítund sína; hún styrki félagslega ábyrgðarkennd þeirra, samhygd með öðrum og hvetur þau til að hafa áhrif (Yates & Youniss 1999). Gjarnan er fjallað um samhygd fólks í tengslum við góðvild þess (e. prosocial behavior) og athafnir í þágu annarra og samfélagsins. Hún er talin fela í sér hæfni til að setja sig í spor annarra (Selman 2003) ásamt því að vera mikilvægur þáttur siðferðiskenndar (Hoffman 2001). Komið hefur fram að þeir sem sýna samhygd eru líklegri til að vilja aðstoða samborgara sína (t.d. Hastings, Zahn-Waxler, Robinson, Usher & Bridges 2000).

Þá hefur sjálfboðaliðastarf verið talið góð leið til að efla skilning ungmenna á pólitík og því hvernig samfélagið virkar (Westheimer & Kahne 2004) en slík þátttaka hefur

jafnframt þótt hafa ýmsan ávinning fyrir ungmennin sjálf. Í fyrri viðtalsathugun okkar við íslensk ungmenni, sem höfðu stundað slík störf, kom fram að þau tengdu markmið sín með *þátttökunni* annars vegar persónulegum ávinningi og hins vegar samfélagslegum ávinningi eins og því að hafa áhuga og vilja til að taka þátt í stjórnmálalegu og félagslegu starfi í framtíðinni (Ragný Þóra Guðjohnsen & Sigrún Aðalbjarnardóttir 2011).

### 3. Markmið, rannsóknarspurningar og nýnæmi

Borgaravitund og virk þátttaka borgarans er talin einn hornsteina lýðræðisins. Í ljósi vís-bendinga um breytt mynstur borgaralegrar þátttöku ungs fólks er mikilvægt að skoða viðhorf þess til pólíttískrar þátttöku og hvaða þættir geti tengst viðhorfum þeirra.

Í fyrsta lagi er kannað hversu mikilvægt ungmenni telja mismunandi pólíttísk þátttökuform, stjórnmálaleg og félagsleg. Í rannsóknnum á erlendum vettvangi hefur komið fram að ungmenni telja pólíttíska þátttöku af félagslegum toga mikilvægari en þátttöku af stjórnmálalegum toga (Sherrod o.fl. 2010). Áhugavert er að kanna hvort sú staða er á sömu lund hér á landi.

Í öðru lagi er skoðað hvort skilningur ungmenna á lýðræði tengist viðhorfum þeirra til pólíttískrar þátttöku fólks. Ætla má að ef ungmennum þykir lýðræði mikilvægt þá finn-ist þeim pólíttísk þátttaka fólks skipta máli. Þetta er sérstaklega skoðað í ljósi áherslu á mikilvægi þess að auka skilning ungmenna á lýðræði sem þátt í því að auka vitund þeirra og færni til þátttöku í lýðræðissamfélagi (t.d. Banks 2017).

Í þriðja lagi – þar sem talið er að dregið hafi úr samhygð ungs fólks í vestrænum ríkjum (Konrath, O'Brien & Hsing 2011) og hún tengist hjálpssemi og aðstoð við samborgara (Hastings, o.fl. 2000) – er hér kannað hvernig samhygð ungmennanna tengist viðhorfum þeirra til pólíttískrar þátttöku fólks. Áhugavert er að skoða þessi tengsl ekki síst í ljósi þess að samhygð er talin mikilvægur þáttur siðferðiskenndar (Hoffman 2001) og að minnkandi kosningaþátttaka er talin tengjast breyttum viðhorfum og gildum ungs fólks. Ungu fólk-inu finnst síður en áður það vera siðferðisleg skylda þess að fara á kjörstað.

Jafnframt er hér tekið tillit til þátta í nærumhverfinu eins og uppeldisaðferða foreldra og þátttöku bæði þeirra og ungmennanna sjálfra í pólíttísku félagsstarfi og stjórnmálum.

Í annarri grein höfum við greint frá þeim niðurstöðum að því meiri stuðning og hvatningu, sem ungmennin í þessari rannsókn töldu sig búa við, þeim mun líklegri voru þau til að hafa jákvæðari viðhorf til pólíttískrar þátttöku fólks, bæði stjórnmálaþátttöku þess og til þátttöku þess í félagslegum hreyfingum (Ragný Þóra Guðjohnsen & Sigrún Aðalbjarnardóttir 2016). Einnig kom þar fram að þau ungmenni sem höfðu reynslu af sjálfboðaliðastarfi sýndu jákvæðari viðhorf til pólíttískrar þátttöku fólks en þau sem ekki höfðu slíka reynslu og jafnframt ef foreldrar þeirra höfðu tekið þátt í sjálfboðaliða- og stjórnmálastarfi. Hér vildum við kanna hvort þau tengsl kæmu aftur fram þrátt fyrir að við tækjum nú tillit til skilnings ungmenna á lýðræði og samhygðar þeirra.

Í fjórða lagi er ungmennunum gefin rödd með því að leita eftir sýn þeirra á pólíttíska þátttöku fólks, bæði þeirra eigin og annarra, sem læra má af.

Leitað verður svara við eftirfarandi rannsóknarspurningum:

1. Hver eru viðhorf ungmenna til mikilvægis pólitískrar þátttöku af stjórn mála-  
legum toga annars vegar og félagslegum toga hins vegar?
2. Hvernig tengjast eftirtaldir þættir viðhorfum ungmenna til pólitískrar þátttöku  
fólks (pólitískrar félagsþátttöku og stjórn málaþátttöku):
  - Skilningur ungmenna á því hvað lýðræði stendur fyrir
  - Samhygð ungmenna
  - Uppeldisaðferðir foreldra
  - Sjálfböðin þátttaka bæði foreldra og ungmenna í félagsstarfi eða stjórn mála-  
starfi.
  - Tekið er jafnframt tillit til aldurs og kyns ungmennanna auk menntunar for-  
eldra. Megindleg gögn (spurningalistar) eru notuð til að svara spurningum 1  
og 2.
3. Hvað einkennir viðhorf ungmenna til pólitískrar þátttöku í lýðræðissamfélagi?  
Eigindleg gögn (viðtöl) eru notuð til að svara spurningu 3.

Nýnæmi rannsóknarinnar er margs konar, bæði með tilliti til íslenskra og erlendra rann-  
sóknna á þessu sviði. Í fyrsta lagi er lítið um íslenskar rannsóknir á borgaravitund ungs  
fólks. Hér eru tekin til skoðunar viðhorf íslenskra ungmenna til pólitískrar þátttöku,  
bæði á unglingsárum (14–15 ára) og þegar þau hafa nýlega fengið kosningarétt (18–19  
ára) sem ætti að gefa nokkra mynd af stöðu mála. Það sem er jafnframt nýtt í þessu  
sambhengi er sú áhersla að skoða viðhorf ungs fólks til fjölbreyttari pólitískrar þátttöku  
en Mndurspegla með unga forf til þr r.horfa til lframbreytur u athugasemdumttum  
þjnotkun áður hefur verið gert. Ungu fólkið er spurt um viðhorf til stjórn málaþátttöku  
og pólitískrar félagsþátttöku, bæði í spurningalistum og viðtölum.

Í öðru lagi verður ekki séð að skilningur ungmenna á mikilvægum þáttum lýðræðis  
hafi verið skoðaður í tengslum við viðhorf þeirra til pólitískrar þátttöku þeirra. Svipaða  
sögu er að segja um tengsl á milli samhygðar ungmenna og viðhorfa þeirra til pólitískrar  
þátttöku. Athugun á þessum tengslum getur gefið vísbendingar um þætti sem æskilegt er  
að styrkja í starfi með ungmenum.

Í þriðja lagi virðist lítið um rannsóknir á uppeldisaðferðum foreldra í tengslum við  
viðhorf ungmenna til pólitískrar þátttöku. Fram til þessa hefur áherslan verið fremur á  
tengsl pólitískrar þátttöku foreldra við þátttöku barna þeirra en á uppeldisaðferðir þeirra  
(Cicognani, Zani, Fournier, Gavray & Born 2012). Eins og fram hefur komið er mikil  
áhersla lögð á að efla borgaravitund barna og ungmenna í menntastefnum lýðræðisríkja.  
Athugun á þætti uppeldisaðferða foreldra ætti að vera mikilvæg í leit að heppilegum  
leiðum við að hlúa að jákvæðum viðhorfum ungmenna til pólitískrar þátttöku.

Í fjórða lagi virðist nýnæmi að nota blandaða aðferðafræði við að kanna viðhorf  
ungmenna til pólitískrar þátttöku, þ.e. að greina bæði megindleg (spurningalistar) og  
eigindleg (viðtöl) gögn. Með því að láta gögnin spila þannig saman ætti að fást dýpri sýn  
og skilningur á viðfangsefni rannsóknarinnar (Venkatesh, Brown & Bala 2013).

Af þessu má sjá að farið er inn á ýmsar nýjar brautir í rannsókninni, bæði í innlendu og alþjóðlegu samhengi.

## 4. Aðferð

### 4.1 Þátttakendur

Þátttakendur rannsóknarinnar voru alls 1042 ungmenni, annars vegar 14–15 ára og hins vegar 18–19 ára nemendur úr þremur byggðakjörnum landsins. Þessir aldurshópar urðu fyrir valinu til að ná til ungmenna í upphafi unglingsáranna, þegar samfélagssýn þeirra er að byrja að þróast, og einnig til ungmenna sem komin eru með kosningarétt og hafa því fjölbreyttara val um pólitíska þátttöku. Byggðakjarnarnir voru valdir með það í huga að þeir væru fjölbreytilegir að stærð og legu: Reykjavík var valin og tveir landsbyggðakjarnar, annar miðlungsstór, sem liggur að sjó, og hinn lítill í landbúnaðarhéraði. Skólastofnanirnar voru alls 20 (14 grunnskólar og 6 framhaldsskólar) og voru þær valdar með það fyrir augum að vera sem fjölbreyttastar bæði með hliðsjón af aldri stofnunar og hugmyndafræði náms. Slíkt val á skólum og byggðakjörnum ætti að auka líkur á yfirfærslu niðurstaðna rannsóknarinnar á stöðu mála hérlendis.

Úr þeim hópi, sem svaraði spurningalistum, voru alls 24 einstaklingar valdir af handahófi í einstaklingsviðtöl. Þrjú voru flutt úr landi og tóku því ekki þátt og því samþykkti 21 ungmenni að taka þátt (12 stúlkur, sex 15 ára og sex 19 ára; 9 piltar, sex 15 ára og þrír 19 ára).

### 4.2 Framkvæmd

Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar. Fengið var leyfi fyrir rannsókninni hjá sveitarfélögum, skólastjórnendum og kennurum. Einnig var fengið samþykki ungmenna sem náð höfðu 18 ára aldri og ungmenna og foreldra þeirra sem voru yngri en 18 ára.

Gagnasöfnun með spurningalistum fór fram í lok árs 2009 og byrjun árs 2010. Svarhlutfall skráðra nemenda var 61%, í grunnskólunum á landsbyggðinni var það 89% og 81% í Reykjavík. Samsvarandi tölur fyrir framhaldsskólanemendur, sem tóku þátt, voru 60%, 65% og 55% en erfiðara reyndist að ná til eldri nemenda. Ástæður þess geta verið ýmsar. Nemendur dreifast á áfanga og námskeið og hefur hluti þeirra trúlega átt erfitt með að mæta á sal utan hefðbundins kennslutíma. Þá gæti hluti þeirra hafa hætt í skólanum þótt þeir hafi enn verið skráðir. Jafnframt var flensa í gangi sem skýrir að hluta fremur lágt svarhlutfall í sumum skólunum.

Viðtölin við ungmennin voru tekin síðari hluta árs 2010 og fóru almennt fram í skóla þeirra og á skólatíma.

### 4.3 Mælingar í spurningalistum

Eftirtalдар mælingar voru notaðar í rannsókninni:

*Mælingar notaðar sem fylgibreytur:*

*Viðborf til pólítskrar þátttöku.* Mæling á viðhorfum til pólítskrar þátttöku fólks er hugsmíð sem fengin er úr menntarannsókninni „Civic Education Study/CIVED“ (Torney-Purta, Schwille & Amadeo 1999). Mælingin var þýdd og bakþýdd af starfsfólki rannsóknar-



stofunnar Lífshættir barna og ungmenna. Hún mælir annars vegar viðhorf til mikilvægis *pólítskrar stjórnmálaláttöku* (e. conventional citizenship; 4 atriði, alfa = 0,71). Dæmi um atriði eru: „Mikilvægt er að góður pólítskur borgari: kjósi í öllum kosningum; ... taki þátt í umræðu um pólítík; ... gangi í stjórnmálaflokk.“ Hins vegar mælir hún viðhorf til mikilvægis *pólítskrar félagsþáttöku* (e. social-movement related citizenship; 3 atriði, alfa = 0,74). Atriðin eru: „Mikilvægt er að góður pólítskur borgari: taki þátt í starfi sem kemur fólki í samfélaginu til góða; ... vinni að mannréttindum; ... taki þátt í að vernda umhverfið“. Svarmöguleikar eru fjórir: „Skiptir alls engu máli“, „Skiptir frekar litlu máli“, „Skiptir frekar miklu máli“, „Skiptir mjög miklu máli“.

*Mælingar notaðar sem frumbreytur:*

*Skilningur á lýðræði.* Mælingin samanstendur af staðhæfingum sem tengjast lýðræði og leggja ungmennin mat á hvort það sem staðhæfingin felur í sér sé gott eða slæmt fyrir lýðræðið (e. democracy; 8 atriði, alfa = 0,79). Dæmi um atriði og svarmöguleika eru: „Þegar allir hafa rétt til að tjá skoðanir sínar, er það: Slæmt fyrir lýðræði, Frekar slæmt fyrir lýðræði, Frekar gott fyrir lýðræði, Gott fyrir lýðræði“. Önnur dæmi eru: „Þegar fólki, sem gagnrýnir stjórnvöld, er bannað að tala opinberlega er það ...“; „Þegar borgarar hafa rétt til að kjósa sér stjórnmálaleiðtoga er það ...“; „Þegar fólk mótmælir friðsamlega lögum, sem það telur óréttlát, er það ...“. Hugsmíðin var fengin úr menntarannsókninni CIVED.

*Samhygð* var mæld með mælingunni „Basic Empathy Scale (BES)“ (Jolliffe & Farrington 2006). BES-mælingin samanstendur af tveimur þáttum samhygðar: (i) tilfinningasamhygð (11 atriði, alfa = 0,85) sem mælir tilfinningaleg viðbrögð við tilfinningum annarra. Dæmi um spurningu er: „Þegar ég hef verið með vini mínum, sem er leiður vegna einhvers, verð ég oftast leið(ur) sjálf(ur)“; (ii) vitsmunasamhygð (9 atriði, alfa = 0,79) sem mælir getu til að skilja tilfinningar annarra. Dæmi um spurningu: „Ég skil oft hvernig fólki líður jafnvel áður en það segir mér það.“ Svarmöguleikar við spurningunum voru fjórir: „Mjög ósammála“, „Frekar ósammála“, „Frekar sammála“ og „Mjög sammála“. BES-mælingin var þýdd á íslensku úr ensku og bakþýdd og aðlögð af aðstandendum rannsóknarinnar til þess að tryggja samsvörun á merkingu setninga í íslensku og ensku útgáfunni.

*Stuðningur og hvatning foreldra.* Uppeldisaðferð, sem tekur til stuðnings og hvatningar foreldra, var metin með kvarða Lamborn, Mount, Steinberg og Dornbusch (1991) sem byggist á þekktri kenningu Baumrinds (1971) um upveldisaðferðir foreldra. Þessi kvarði (e. involvement; 10 atriði, alfa = 0,75) mælir meðal annars hversu mikinn stuðning og hvatningu unglingurinn telur sig fá frá foreldrum sínum og hversu vel hann telur sig geta treyst á stuðning þeirra. Dæmi um atriði eru: „Hann/hún hvetur mig til að gera mitt besta í öllu sem ég tek mér fyrir hendur“; „Ég get treyst á að hann/hún hjálpi mér ef ég lendi í vandræðum“; „Hann/hún hvetur mig til að hugsa sjálfstætt.“ Svarmöguleikar voru „Oftast rétt“, „Oftast rangt“.

*Þátttaka foreldra í stjórnmálastarfi* var mæld með já-/nei-spurningu: „Tekur móðir þín eða faðir þinn þátt í stjórnmálastarfi (t.d. situr í nefnd eða félagi á vegum stjórnmálaflokks)?“

*Þátttaka foreldra í sjálfbodaliðastarfi* var mæld með já-/nei-spurningu: „Tekur móðir þín

eða faðir þinn þátt í sjálfboðaliðastarfi (t.d. foreldrastarfi, þróunarhjálp, starfi Rauða krossins, kirkjunnar ...)“

*Eigin þátttaka í stjórnmálastarfi* var mæld með já-/nei-spurningu: „Ég er í eða hef verið í ungmennastarfi í tengslum við stjórnmálaflokk.“

*Eigin þátttaka í sjálfboðaliðastarfi* var mæld með já-/nei-spurningu: „Ég er í eða hef verið í sjálfboðaliðastarfi til þess að hjálpa fólki (t.d. Rauða krossi Íslands).“

## 4.4 Greining

### 4.4.1 Greining viðtala

Tilteknar áherslur í viðtölunum við ungmennin endurspeglar mælingar í spurningalistum. Lögð var áhersla á að leita eftir sýn þeirra á efnisflokkana *Leiðir* og *Markmið* pólíttískrar þátttöku, bæði félagslegrar og stjórnmálalegrar. Þemagreining var notuð við að greina viðtalsgögnin innan efnisflokkanna.

Fræðilegur grunnur þess að leita eftir rödd unga fólksins með viðtölum liggur í fyrirbærafraði (Heidegger 1962/1927; Husserl 1970/1936) sem leggur áherslu á að túlka hvernig hver og ein manneskja leggur merkingu í líf sitt og reynslu (t.d. Johnston o.fl. 2006).

Viðtölin voru afrituð orðrétt. Nöfnum, staðháttum og heitum stofnana var breytt til að tryggja að ekki væri hægt að rekja gögnin til einstaklinga og stofnana.

Notuð var opin kóðun (Braun & Clark 2013). Hugsun ungmennanna og orð voru dregin fram við nákvæman lestur viðtalanna sem voru lesin þar til mettun kom fram og ekki birtust lengur nýjar áherslur (Charmaz 2006). Að því búnu voru gögnin kóðuð markvisst, þemu dregin fram, þau flokkuð og sett fram í töflu.

### 4.4.2 Greining meginlegra gagna

Línuleg aðhvarfsgreining var notuð til að kanna hvernig ýmsir þættir tengjast viðhorfi ungs fólks til pólíttískrar þátttöku.

Fylgibreytan í líkani 1 er *Viðhorf ungs fólks til pólíttískrar stjórnmálaþátttöku* en í líkani 2 *Viðhorf ungs fólks til pólíttískrar félagsþátttöku*. Þær frumbreytur, sem skoðaðar eru í tengslum við fylgibreyturnar, eru: Skilningur á lýðræði; samhygð; stuðningur og hvatning foreldra; stjórnmálaþátttaka foreldra; sjálfboðin félagsþátttaka foreldra; stjórnmálaþátttaka ungmennis; sjálfboðin félagsþátttaka ungmennis. Bakgrunnsbreytur eru: Kyn, aldur og menntun foreldra.

## 5. Niðurstöður

### 5.1 Niðurstöður mælinga úr spurningalistum

Fyrst er hér skoðað hvers konar pólíttísk þátttökuform ungt fólk telur mikilvæg (1. rannsóknarspurning). Niðurstöðurnar má sjá í töflu 1.

**Tafla 1.** Mikilvæg pólitísk þátttökuform

Góður pólitískur borgari ...	Pólitísk þátttaka					
	Félagsþátttaka			Stjórnmaláþátttaka		
	Tekur þátt í að vernda umhverfið	Vinnur að réttindum fólks; mannréttindum	Tekur þátt í starfi sem kemur fólki í samfélaginu til góða	Kýs í öllum kosningum	Tekur þátt í umræðum um pólitík	Gengur í stjórn-mála-flokk
	%	%	%	%	%	%
Skiptir engu máli	5.6	4.0	4.3	11.6	18.7	32.1
Skiptir frekar litlu máli	12.5	15.9	16.9	25.9	48.1	51.9
Skiptir frekar miklu máli	42.2	41.7	54.9	35.8	26.7	13.4
Skiptir mjög miklu máli	39.2	37.6	23.1	26.1	5.8	1.5

Eins og sjá má í töflunni beinist áhersla ungmenna í ríkari mæli að pólitískri þátttöku fólks í félagslegum hreyfingum en að stjórnmalalegri þátttöku þess. Taka má sem dæmi að hlutfallslega fleiri nefna þátttöku í að vernda umhverfið og vinna að mannréttindum en að taka þátt í umræðum um pólitísk málefni og skrá sig í pólitíska flokka. Þó kom fram að unga fólkið taldi mikilvægt að kjósa.

Næst er hér leitað svara við rannsóknarspurningu 2 lið fyrir lið.

Í töflu 2 má sjá meðaltöl og staðalfrávik bæði fyrir stjórnmalalega og félagslega þátttöku eftir skilningi á lýðræði, samhygð, stuðningi foreldra og sjálfboðinni þátttöku ungmenna og foreldra þeirra. Í töflu 3 koma aftur á móti fram niðurstöður úr línulegri aðhvarfsgreiningu þar sem skoðuð eru tengsl þátta við viðhorf ungs fólks til mikilvægis pólitískrar þátttöku, annars vegar félagslegrar og hins vegar stjórnmalalegrar. Taflan sýnir niðurstöðurnar þegar allar breytur eru settar inn í líkanið í senn.

**Tafla 2.** Meðaltöl, staðalfrávik og fjöldi fyrir pólitíska þátttöku, bæði stjórnmalalega og félagslega

	Pólitísk þátttaka					
	Stjórnmalaleg			Félagsleg		
	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi
Skilningur á lýðræði	2,31	0,61	971	3,11	0,65	979
Samhygð	2,30	0,61	1012	3,09	0,66	1020
Stuðningur og hvatning foreldra	2,30	0,61	1012	3,09	0,65	1020
Stjórnmaláþátttaka foreldra						
Já	2,47	0,58	108			
Nei	2,28	0,61	895			
Sjálfboðin félagsþátttaka foreldra						
Já				3,25	0,64	259
Nei				3,04	0,66	747
Stjórnmaláþátttaka ungmennis						
Já	2,46	0,68	40			
Nei	2,29	0,61	961			
Sjálfboðin félagsþátttaka ungmennis						
Já				3,27	0,62	211
Nei				3,05	0,66	790

**Tafla 3.** Viðhorf til pólíttískrar þátttöku fólks: Afstaða til lýðræðis, samhygð, stuðningur og hvatning foreldra, sjálfboðin þátttaka foreldra og ungmenna (línuleg aðhvarfsgreining), N=1042

	Líkan 1	Líkan 2
	Viðhorf ungs fólks til stjórnmalapátttöku	Viðhorf ungs fólks til pólíttískrar félagsþátttöku
	$\beta$	$\beta$
Skilningur á lýðræði	0,05	0,14**
Samhygð	0,07	0,23***
Stuðningur og hvatning foreldra	0,07 +	0,10**
Stjórnmalapátttaka foreldra	0,08*	—
Sjálfboðin félagsþátttaka foreldra	—	0,08*
Stjórnmalapátttaka ungmennis	0,06 +	—
Sjálfboðin félagsþátttaka ungmennis	—	0,07*
Kyn		
0=stúlkur		
1=piltar	0,62**	0,25
Aldur		
0=14 ára		
1=18 ára	0,15***	- 0,07*
Menntun foreldra		
Framhaldsskólapróf eða minni menntun vs. háskólapróf	0,06 +	- 0,02
Kyn x lýðræði	- 0,65**	- 0,37 +
F	5,23***	18,65***
R2	0,06	0,17
Skurðpunktur	1,25	0,89

+&lt;0,10, \*&lt; 0,05, \*\*&lt; 0,01, \*\*\* &lt;0,001

 $\beta$ : Stöðluð hallatala

— merkir: breytan er ekki notuð í aðhvarfsgreiningarkeyrslunum

Eins og sjá má í töflu 3 kom fram að eftir því sem skilningur bæði stúlkna og pilta á mikilvægi lýðræðis var meiri þeim mun jákvæðari voru þau gagnvart þátttöku fólks í félagslegum hreyfingum. Þegar um var að ræða stjórnmalapátttöku kom á svipuðum nótum fram að eftir því sem stúlkur sýndu meiri skilning á lýðræði höfðu þær jákvæðara viðhorf til stjórnmalapátttöku fólks ( $B=0,20^{***}$ ,  $SE=0,06$ ). Aftur á móti virtist skilningur pilta á lýðræði ekki skipta máli um viðhorf þeirra til stjórnmalapátttöku fólks ( $B=0,03$ ,  $SE= 0,07$ ).

Geta skal þess að við skoðuðum samvirkni á milli kyns og hinna frumbreytanna þar sem okkur þótti forvitnilegt að kanna hvort niðurstöður ættu einvörðungu við um annað kynið. Sú var ekki raunin.

Með tilliti til samhygðar ungmennanna kom fram að eftir því sem þau sýndu meiri samhygð voru þau líklegri til að telja félagslega þátttöku um pólíttískt mál mikilvæga. Samhygð þeirra tengdist aftur á móti ekki viðhorfi þeirra til þátttöku fólks í stjórnmalum.

Þótt bætt hafi verið við líkanið þáttum um lýðræði og samhygd frá fyrri greiningu þessara gagna (Ragný Þóra Guðjohnsen & Sigrún Aðalbjarnardóttir 2016) kom fram að eftir því sem ungmennin upplifðu meiri stuðning og hvatningu foreldra sinna þeim mun líklegri voru þau til þess að telja félagslega pólitíska þátttöku fólks mikilvæga, svo sem baráttu fyrir mannréttindum. Aftur á móti virtist stuðningur og hvatning foreldra ekki skipta eins miklu um viðhorf ungmennanna til stjórnmálaþátttöku fólks (á mörkum marktektar) sem þó hafði komið fram í fyrri greiningu höfundu.

Sem fyrr kom fram að fyrirmyndir skiptu máli um viðhorf ungmennanna til pólitískrar þátttöku. Þau sem áttu foreldra, sem taka þátt í félagsstarfi, voru líklegri til að telja félagslega pólitíska þátttöku eins og baráttu fyrir mannréttindum mikilvæga og þau sem áttu foreldra, sem taka þátt í stjórnmálastarfi, voru líklegri til að telja stjórnmálalega pólitíska þátttöku eins og að kjósa mikilvæga. Þátttökureynsla ungmennanna sjálfra skipti jafnframt máli um viðhorf þeirra. Þau ungmenni, sem höfðu reynslu af félagsstarfi sem sjálfboðaliðar, voru líklegri til að telja félagslegt pólitískt starf mikilvægt og þau sem höfðu reynslu af stjórnmálastarfi voru líklegri til að telja stjórnmálalegt pólitískt starf mikilvægt.

Ýmsir bakgrunnspættir voru jafnframt skoðaðir (sjá töflu 3). Fram kom að piltar voru líklegri en stúlkur til að telja stjórnmálaþátttöku mikilvæga. Þá voru eldri ungmennin (18 ára) líklegri en þau yngri (14 ára) til þess að telja stjórnmálaþátttöku eins og að kjósa mikilvæga. Þau yngri voru aftur á móti líklegri en þau eldri til að telja félagslega þátttöku mikilvæga. Menntun foreldra skipti ekki máli um viðhorf unga fólksins til pólitískrar þátttöku.

## 5.2 Raddir unga fólksins: Viðhorf ungs fólks til pólitískrar þátttöku

Í viðtölunum við ungmennin var leitað eftir sýn þeirra á pólitíska þátttöku. Rannsóknarspurningin, sem leitað var svara við, er: Hvað einkennir viðhorf ungmenna til pólitískrar þátttöku í lýðræðissamfélagi?

Þar sem eitt markmið viðtalanna var að dýpka niðurstöður úr spurningalistum var lögð áhersla á sýn ungmennanna á efnisflokkinn *Leiðir í pólitískri þátttöku* en spurningar úr spurningalistum fjölluðu meðal annars um að hvaða marki ungmenni teldu leiðir eins og það að kjósa og vinna að mannréttindum fólks skipta máli. Einnig var lögð áhersla á *Markmið með pólitískri þátttöku*. Við greiningu á markmiðum og leiðum var jafnframt horft til þess hvort ungmennin vísuðu til þátta sem tengjast skilningi á lýðræði og þátta sem tengjast samhygd.

Við greiningu viðtalanna var pólitískri þátttöku áfram skipt í stjórnmálaþátttöku og pólitíska félagsþátttöku. Hugsun ungmennanna um þátttöku í ungmennaráðum og flokksstarfi stjórnmálaflokka var flokkuð sem stjórnmálaþátttaka; einnig friðsamleg mótmæli gegn stjórnvöldum og það að láta rödd sína heyrast um stefnumótun og aðgerðir í stjórnmálum (t.d. varðandi baráttu fyrir auknu fjármagni til framhaldsskóla). Undir pólitíska félagsþátttöku flokkuðum við vísun ungmennanna til starfa í nemenda-, æskulýðs- og tómstundafélögum, félagasamtökum (t.d. Geðhjálp, Náttúruverndarsamtökum Íslands), forvarna- og mannúðarstarfa (Rauði krossinn, UNICEF) ásamt því að láta rödd sína heyrast og fá fram aðgerðir í nærsamfélaginu.

Í töflu 4 má sjá yfirlit yfir þemu innan efnisflokkanna tveggja: *Leiðir* og *Markmið*.

**Tafla 4.** Viðhorf ungs fólks til pólíttíkrar þátttöku: *Leiðir* og *Markmið*

Sýn á pólíttíka þátttöku			
Pólíttík stjórnmálaþátttaka		Pólíttík félagsþátttaka	
Leiðir	Markmið	Leiðir	Markmið
Pemu		Pemu	
Kosningaréttur- og þátttaka	Að vera virkur þátttakandi í samfélaginu	Góð leið fyrir ungt fólk til að taka þátt	Að vera virkur þátttakandi í samfélaginu til að bæta hag og velferð samborgara
Að láta rödd sína heyrast	Hafa áhrif á málefni sem þau hafa áhuga á og telja mikilvæg	Að láta rödd sína heyrast	Hafa áhrif á málefni sem þau hafa áhuga á og telja mikilvæg
Stjórnvöld þurfa að hlusta betur á rödd ungmenna		Vantar kynningu á leiðum	Persónulegur hagur
Vantar vettvang			

### 5.2.1 Pólíttík stjórnmálaþátttaka

Eins og sjá má í töflu 4 komu fram fjögur þemu undir efnisflokknum *Leiðir*.

Fyrsta þemað var **kosningaréttur og -þátttaka**. Ungmennin lögðu áherslu á að fólk hefði þann rétt að kjósa: „Rétt til að geta valið sér fulltrúa til að stjórna landinu“ (Lovísa, 19) og „réttinn ... til að tjá skoðanir“ (Magnús, 19). Brýnt væri að borgararnir nýttu sér þennan rétt og kjósi: „Gef[í] sér tíma til að mæta [og velja] fólkið sem stjórnar landinu ... Þú vilt náttúrulega að það sé almennilegt fólk sem getur gert eitthvað“ (Lovísa, 19). Þau vísuðu til lýðræðisgilda og sögðu að „Ekki [sé] æskilegt að ein manneskja fái of mikið vald“ (Jóhannes, 15 ára) heldur á „þjóðin að ráða“ (Magnús, 19). Í því samhengi nefndu þau einnig þörfina fyrir beint lýðræði sem tryggi „að fólk í þjóðfélaginu hafi meiri áhrif ef stórum ákvörðunum er beint til þjóðarinnar“ (Karl, 19).

Þrátt fyrir að unga fólkinu hafi almennt fundist kosningarétturinn mikilvægur þá kom einnig fram áhersla þeirra á frelsi í tengslum við stjórnmálaþátttöku: Frelsi til að ákveða sjálf hvort þau taki þátt í slíku starfi eða ekki. Þórhallur (15 ára) sagði sem dæmi að hann teldi „það ekki skyldu [að kjósa] en ef [borgarinn] vill það, þá [getur hann það]“.

Mörg ungmennanna komu einnig inn á heildarleika og traust í pólíttísku starfi og að skortur sérstaklega á trausti hefði án efa orðið til þess að draga úr áhuga ungs fólks á að kjósa. „Fólk verð[í] að geta treyst hvert öðru ... [og] vera heildarleg[t]“ (Jóhannes, 15). Í þessu samhengi var algengt að þau vísuðu til fjármálakreppunnar 2008 og þess lærdóms sem við sem samfélag ættum að draga af henni. Í þeirra eigin orðum mátti iðulega greina skort á trausti til ráðamanna eins og hjá Daníel (19) sem sagði að kosningar væru mikilvægar fyrir borgara til að „reyna að hafa áhrif í samfélaginu“, en hann bætti við: „Ég hefði getað kosið þarna síðast en gerði það ekki ... fannst það tilgangslaust. Það breytir engu hver er við völd.“ Það var því hans leið.

Annað þema ungmennanna var að láta rödd sína heyrast um stjórnámál. Áberandi stef í viðtölunum var að þau vildu berjast fyrir sannfæringu sinni og hafa áhrif á mikilvæg samfélagsleg mál. Lovísa (19) sagði til dæmis að „það þyrfti yngra fólk ... inn í stjórn málin ... einhverja sem eru ekki búnir að vera þarna í einhver fimmtíu ár“. Nauðsynlegt væri að ungt fólk kæmi skoðunum sínum á framfæri. Það væri „gott fyrir samfélagið“ og þau sjálf að fá tækifæri til að „berjast til dæmis fyrir réttindum námsmanna, fara í stjórnir, skrá sig í flokk og á lista“ (Daníel, 19).

Vilborg (15) var sannfærð um að ungt fólk gæti með rödd sinni haft áhrif. Hún tók þátt í ungmennaráði í sveitarfélagi sínu og sagði unga fólk að alltaf geta „talað við [sveitarstjórnar]fulltrúana [og] ... alltaf [væru] einhverjar leiðir til að hringja og hafa samband við stjórnvöld [eða] Umboðsmann barna“.

Ungmennin nefndu einnig fjölmiðla sem leið til að koma rödd sinni um stjórnámál á framfæri, „kannski reyna að komast í Kastljósið ... já fjölmiðla [eða] skrifa grein“ (Karl, 15); einnig með menningarþátttöku eins og leiklist og tónlist, t.d. „með því að búa til lög sem snúast um eitthvað sem allir geta tengt sig við“ (Davíð, 15).

Í þriðja lagi kom fram þemað að **stjórnvöld þurfi að hlusta betur á rödd ungmenna**. Ungmennunum var tíðrætt um að mikið skorti á að stjórnvöld hlustuðu eftir hugmyndum þeirra og viðhorfum. Daníel (19) sagði í þessu samhengi: „Fólk hlustar ekki næstum eins mikið á ungt fólk og það ætti að gera en það er náttúrulega alltaf verið að reyna að bæta það.“ Hann sagði ungmennaráð hafa breytt miklu fyrir ungt fólk og gefið tækifæri til þess að koma mikilvægum áherslum á framfæri við stjórnvöld. „Það muni hafa mikið vægi í framtíðinni“.

Í fjórða lagi kom fram þemað **vantar vettvang**. Ungmennin ræddu að sárlega vantaði vettvang fyrir ungt fólk þar sem það hefði möguleika á þátttöku í pólitísku starfi. Sóley (19) sagði: „Mér finnst ég fá tækifæri til þess að bjóða mig fram í sjálfboðaliðastarf og mér finnst ég fá tækifæri til að mótmæla en mér finnst ég ekki hafa vettvang til að mótmæla svona hlutum eins og hvar er verið að skera niður í samfélaginu ... [eins og] í menntakerfinu og heilbrigðiskerfinu.“ Elva (15) ítrekaði einnig að oft vantaði vettvang fyrir þau til að „segja sínar skoðanir“. Slíkur vettvangur væri mikilvægur fyrir ungt fólk þar sem hann gæfi tækifæri til að hafa áhrif. Hún nefndi útivistarlög sem dæmi. Við gerð þeirra hefði þurft að hafa samráð við unga fólk og þá hefði verið hægt að breyta lög- unum „þínulítið eftir okkar höfði“.

Tvö meginþemu komu fram undir efnisflokknum *Markmið stjórnámálaþátttöku*. Hið fyrra er að **borgarar séu virkir þátttakendur í samfélaginu**. Ungmennin skýrðu það meðal annars með því að góður borgari „sinni sínu hlutverki vel ... hjálpi fólk sem þarfnast hjálpar ... bæt[í] kjör fólks ... [og berjist fyrir] meira jafnrétti kynjanna“ (Karl, 19).

Hitt þemað var markmiðið að **hafa áhrif** á málefni sem þau hafa áhuga á eða telja mikilvæg í stjórnámálum. Málefni ungs fólks, svo sem mennta- og tómstundamál, voru þeim hugleikin og nefndu þau dæmi um að ungt fólk ætti að „hafa áhrif í sambandi við ... vímuefnaforvarnir, kennslu[mál] og einelti“ (Kristín, 19). Margrét (15) ítrekaði að það væri beinlínis „æskilegt að ungt fólk hefði áhrif á málefni í skólanum og

hverfunum“. Vilborg (15) sagðist jafnframt hafa barist fyrir auknu jafnrétti í tómstundastarfi í sínu bæjarfélagi: „Það er ekkert sanngjarnt að [tiltekið íþróttastarf] sé bara fyrir stráka. Það eru margar stelpur sem myndi langa til að hafa slíka deild [og] það skapar jöfn tækifæri fyrir kynin.“

Mörg nefndu jafnframt umhverfismál sem mikilvægan málaflokk til að beita sér fyrir í stjórnmálum. Magnús (19) var einn þeirra en hann sagði að markmið unga fólksins ættu meðal annars að snúast um „að hafa meiri stjórn“ á umhverfismálum. „Ef við seljum allar auðlindir okkar út [til útlanda] til þess að fá gjaldmiðil inn í stuttan tíma þá eigum við náttúrulega ekki neitt í framtíðinni.“ Þá nefndu mörg þeirra nauðsyn þess að berjast fyrir náttúruvernd og betri umgengni um náttúruna enda væru það markmið sem „góðir borgarar“ settu sér í samfélaginu (Svandís, 19).

Markmið og dæmi um að hafa áhrif á heilbrigðismál voru einnig nefnd eins og um að „lækka öll svona gjöld [í heilbrigðiskerfinu] [þar sem] það eru margir sem eru veikir ... eða þurfa hjúkrun sem þurfa að bíða í marga mánuði ... af því að það er ekki til peningur eða mannskapur ... það er erfitt fyrir fólk“ (Lovísa, 19).

Í stuttu máli má segja að þemu ungmennanna undir efnisflokkunum *Leiðir* og *Markmið* endurspegli ákall þeirra og ábendingar. Þau kalla eftir því að vera virkir þátttakendur í samfélaginu og hafa áhrif á mál sem þau hafa áhuga á og telja mikilvæg. Þau telja nokkra farartálma á þeirri vegferð og benda á ýmsar leiðir til úrbóta. Stjórnvöld þurfi m.a. að hlusta betur á ungt fólk og þau þurfi fjölbreyttari vettvang til að láta rödd sína heyrast.

### 5.2.2 Pólítíske félagsþátttaka

Þrjú þemu komu fram undir efnisflokknum *Leiðir*. Fyrsta þemað var að félagsþátttaka væri **góð leið fyrir ungt fólk til að taka þátt**. Ungmennin nefndu fjölmörg dæmi um slíka þátttöku. Hugsun þeirra vísaði gjarnan til mikilvægis lýðræðis, svo sem þegar þau ræddu nemendafélög í skólum og að þau gæfu ungu fólki tækifæri til að bjóða sig fram og vera „kjörnir“ fulltrúar hópsins (Magnús, 19). Þar ynnu þau að því „að hafa meiri áhrif á verkefni [í skólanum] og koma með ... hugmyndir“ (Anna, 15). Þau sögðust vilja auka vægi nemendafélaganna þannig að þau hefðu tækifæri til að „hafa áhrif á fleiri þætti“ (Þórhallur, 19).

Ungmennunum var einnig tíðrætt um sjálfbodaðastarf sem leið til félagslegrar þátttöku og virtust slík störf hafa jákvæða merkingu í huga þeirra, bæði þeirra sem höfðu reynslu af slíku og hinna sem höfðu það ekki. Þau sögðu að með slíkri þátttöku gæti ungt fólk fundið borgaralegri þátttöku sinni farveg: „Maður býður sig fram í eitthvað ... kannski góðgerðarmál og gerir það af því að þér er ekki sama, maður vill hjálpa“ (Birna, 15). Þau vísuðu gjarnan til samfélagsábyrgðar borgaranna og ræddu hvernig þau hefðu komist í samband við umheiminn í gegnum sjálfbodaðastarf eins og með Rauða krossinum. Önnur félagsþátttaka, sem ungmennin töldu mikilvæga fyrir samfélagið, var að vera í hjálparsveitum, þá væru þau „að hjálpa fólki sem oft er í lífshættu“ (Anna, 15). „Láta sig varða um hlutina ... og aðstoða fólk sem þarf á því að halda“ (Davíð, 15).

Annað þema ungmennanna var að með félagsþátttökunni skapaðist leið fyrir ungu kynslóðina til að **láta rödd sína heyrast** bæði í nærumhverfinu en einnig í æskulýðsstarfi



þar sem þau fá tækifæri til að taka afstöðu og tjá sig um fjölþjóðamál eins og mannréttindi. Þau lögðu áherslu á að „krakkar mættu hafa meiri rödd í sambandi við svo margt“ (Margrét, 15) en töldu hindrun fóligna í því að þeir sem stjórnðu hlustuðu ekki nægilega mikið á yngri kynslóðina. Hins vegar kom einnig fram hjá þeim að jákvæðar breytingar hafi orðið í þessu efni, „það er náttúrlega alltaf verið að reyna bæta það eins og með Samfés [Samtök félagsmiðstöðva á Íslandi], þar er ungmennaráð úr hverri félagsmiðstöð“ (Daníel, 15).

Þriðja þemað var að **kynningu vanti á leiðum** til pólitískrar félagsþátttöku. Meirihluti hópsins hafði aldrei fengið kynningu á slíkum þátttökuleiðum og fannst skólinn kjörinn vettvangur. Svandís (19) benti á að með því að kynna starfið fengi ungt fólk upplýsingar um þátttökuleiðir en það væri líka hagur t.d. félagasamtaka því þau fengju þátttakendur.

Þrjú þemu komu fram undir efnisflokknum *Markmið* pólitískrar félagsþátttöku. Fyrsta þemað var markmiðið að **vera virkur þátttakandi** í samfélaginu til að bæta hag og velferð samborgara. Með því töldu þau sig „breyta lífi annarra ... gera hluti sem eru góðir fyrir samfélagið ... [enda] yrði bara upplausn í samfélaginu ef enginn myndi til dæmis taka þátt í sjálfbodaðavinnu, björgunarveit eða gefa blóð“ (Magnús, 19).

Nokkur ungmennanna líkt og Jóhannes (15) settu markmið félagsþátttökunnar í enn víðara samhengi og töldu hana „mikilvæg[an] þátt [...] í að gera heiminn betri“. Hann nefndi sem dæmi reynslu sína af æskulýðsstarfi þar sem hann og félagar hans söfnuðu fyrir hjálparstarfi til fátækra barna á Indlandi.

Þau vísuðu jafnframt til jafnréttisgilda og vildu huga að þeim „sem minna mega sín“ (Davíð, 15). Í því samhengi nefndu þau einkum þátttöku í margs konar sjálfbodaðastarfi t.d. á vegum Rauða krossins þar sem markmiðið er að „láta þá njóta góðs af sem þurfa á hjálp að halda“ (Agnes, 15).

Annað þemað var það markmið ungmennanna með félagsstarfinu að **hafa áhrif** á málefni **sem þau hafa áhuga á og telja mikilvæg**. Þau ræddu einkum stefnumótun og umbætur í málefnum nærsamfélagsins, svo sem skóla- og tómstundamálum, sumarstörfum ungmenna, forvörnum og umhverfismálum. Kristín (19) sagði sem dæmi að með þátttöku í umhverfisvernd geti fólk haft áhrif og „gert hlutina betri fyrir okkur og börnin okkar ... Bjóða þ[urfi] upp á fjölbreyttara félagsstarf fyrir yngra fólk því það hefur takmörkuð áhrif“. Svandís (19) sagði að félagsstarf veitti ungu fólki vettvang: „Ef maður er með góðar hugmyndir [þá] getur maður komið þeim á framfæri til þess að hafa áhrif.“

Ungmennin tengdu markmið félagsþátttökunnar ekki aðeins við samfélagslegan hag heldur einnig við **persónulegan hag** og er það þriðja þemað. Þannig lýsti Vilborg (15) því hvernig reynsla úr félagsstarfi, hefði eft borgaravitund hennar. Hún hefði lært ýmislegt „til dæmis veit ég miklu meira um lýðræði og hvað það þýðir og er komin meira inn í hvað verið er að gera í sveitarfélaginu ... og hverju mig langar til að breyta“. Ungmennin nefndu einnig að ánægja fylgdi þátttökunni, „að líða vel yfir að hafa hjálpað“ (Anna, 15) og „[vera] sátt og [hafa] góða samvisku“ (Margrét, 15).

Fjórðungur ungmennanna hafði reynslu af þátttöku í sjálfbodaðastarfi og sögðu þau að með slíkri þátttöku skildu þau ýmsa þætti samfélagsins betur: „Maður fær öðruvísi

sjónarhorn á hlutina“ (Magnús, 19) auk þess sem þátttakan hvetur til frekari borgara-legrar þátttöku: „Það að hafa tekið þátt þýðir að ég muni gera þetta aftur“ (Dórothea, 15).

Í stuttu máli má sjá að ungmennin hafa ýmis háleit markmið um að leggja sitt af mörkum í þágu velferðar samborganna. Umhyggja fyrir öðrum og samfélagsleg ábyrgð kemur þar fram. Ýmsar leiðir nefna þau til að láta til sín taka á þessum vettvangi og láta rödd sína heyrast. Engu að síður telja þau að kynna þurfi slíkar leiðir fyrir ungmennum mun betur. Ávinningurinn af félagslegri þátttöku fólks sé bæði persónulegur og samfélagslegur.

## 6. Umræður

Ýmislegt markvert kom fram í niðurstöðum um viðhorf unga fólksins til pólíttískrar stjórnmála- og félagsþátttöku. Fyrsta meginniðurstaða er að ungmennin mátu pólíttíska félagsþátttöku – í umhverfisvernd og sjálfboda-liðastarfi sem kemur fólki í samfélaginu til góða og er í þágu mannréttinda – mikilvægara þátttökuform (80%) en stjórnmálaþátttöku eins og umræðu um stjórnmál (32%) eða að ganga í stjórnmálaflokk (15%). Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður rannsókna á erlendum vettvangi (Sherrod o.fl., 2010). Sú stjórnmálaþátttaka, sem ungmennin lögðu einna helst áherslu á, var að kjósa í öllum kosningum; ríflega helmingur (60%) ungmennanna taldi það mikilvægt. Hér er gagnlegt að rýna í viðtölin í þeirri viðleitni að átta sig á þeim mun sem fram kemur á viðhorfum unga fólksins til þessara mismunandi þátttökuforma.

Um bæði þátttökuformin gildi að unga fólkið lagði áherslu á að fá tækifæri til að láta rödd sína heyrast og hafa áhrif á málefni sem þau hafa áhuga á og telja mikilvæg. Stjórnmálaþátttökuna tengdu þau einkum við lýðræðislegan rétt fólks og lögðu þar áherslu á kosningarétt. Þar kom jafnframt fram að hver manneskja hefði frelsi til þátttöku. Hún hefði val um hvort hún kysi í kosningum; það væri ekki skylda hennar. Segja má því að ungmennin vísi beint og óbeint til einstaklingsgilda eins og frelsis og sjálfsákvörðunar-réttar. Rannsóknir hafa einmitt gefið til kynna að algengara sé nú á tímum að ungt fólk hafi slík gildi að leiðarljósi (Welzel 2013) og leggi í auknum mæli einstaklingsmat á hvort þau taki þátt eða ekki. Í pólíttísku félagsþátttökunni má einnig sjá að þau telja sig hafa val um hvers konar form þátttöku þau takast á við. Þau nefna tímabundin verkefni svo sem baráttu við sveitarfélög fyrir úrbótum á tómsstundaaðstöðu og óformlega þátttöku þar sem þau leggja samtökum lið í eitt og eitt skipti án þess að vera félagsbundin. Þetta eru skýr dæmi um breyttar áherslur yngri kynslóða sem fræðimenn hafa tengt breyttum þátttökuvenjum ungs fólks (Twenge o.fl. 2012).

Ungmennin gáfu ýmis ráð um hvernig megi stuðla að því að virkja pólíttíska þátttöku yngri kynslóða. Þrátt fyrir að þau hafi fagnað tækifærum eins og þátttöku í ungmennar-áðum töldu þau enn vanta frekari stjórnmálavettvang og tækifæri fyrir ungt fólk til þess að hafa áhrif. Þau kalla eftir að leitað verði í auknum mæli eftir röddum þeirra við um-fjöllum og stefnumótun í málefnum sem snerta ungt fólk, svo sem í mennta-, jafnréttis- og mannréttindamálum. Stjórnvöld þurfi einnig að hlusta betur og taka tillit til skoðana ungmenna. Að auki taldi unga fólkið skorta traust til ráðamanna sem dragi úr vilja ungs fólks til að taka þátt í stjórnmálum, meðal annars til að kjósa. Að hluta til má trúlega

rekja þessar ástæður til fjármálakreppunnar 2008 og hafa slík merki komið fram í rannsóknnum fræðimanna (Grétar Þór Eypórsson & Eva H. Önnudóttir 2017). Hafa verður þó einnig í huga að áhugi ungs fólks á stjórnmálum og kosningum (t.d. Galston 2001) og traust þess á stjórnvöldum virðist almennt hafa farið þverrandi (t.d. Norris 2011). Ekki er ólíklegt að sama eigi við um íslensk ungmenni.

Önnur meginniðurstaða rannsóknarinnar er sú að eftir því sem ungmennin, bæði stúlkur og drengir, sýndu meiri skilning á mikilvægum þáttum lýðræðis þeim mun mikilvægari töldu þau félagsþátttöku fólks. Aftur á móti átti sú niðurstaða einvörðungu við um lýðræðisskilning stúlkna er tekur til stjórnmálaþátttöku fólks. Í því samhengi skal nefnt að í viðtölunum við ungmennin virðist önnur áhersla á lýðræðisleg gildi koma fram í viðhorfum ungmennanna til félagsþátttöku en viðhorfum þeirra til stjórnmálaþátttöku. Stjórnmálaþátttöku tengdu þau einkum þeim lýðræðislega rétti að kjósa en félagslegu þátttökuna tengdu þau bæði við samfélagslegar skyldur og ábyrgð eins og að láta sig varða um hag samborgara, sýna samhygð og rétta hjálparhönd (systkinalag). Þessi niðurstaða tengist næstu meginniðurstöðu rannsóknarinnar.

Þriðja meginniðurstaðan var sú að því meiri samhygð, sem bæði stúlkur og piltar sýndu, þeim mun líklegri voru þau til að telja félagsþátttöku af pólitískum toga mikilvæga. Það átti aftur á móti ekki við um viðhorf þeirra til stjórnmálaþátttöku; samhygð þeirra skipti ekki máli um það viðhorf. Þessi niðurstaða styður vísbendingar erlendra rannsókna að því leyti að þar kemur fram að þeir sem sýna samhygð séu líklegri til að vilja aðstoða samborgara sína (Hastings o.fl. 2000). Í viðtölunum við ungmennin mátti sjá svipaða áherslu og fram kom í mælingum spurningalistans sem styrkir niðurstöður okkar. Í viðtölunum tengdu þau hvata til félagslegrar þátttöku iðulega við samhygð með samborgurum sem búa við bágar aðstæður; umhyggja þeirra fyrir þeim kom skýrt fram. Af orðum þeirra að dæma ætti að vera óhætt að álykta sem svo að á þessum aldri snerti félagsleg þátttaka þau meira tilfinningalega en stjórnmálaþátttaka. Um leið verður félagsleg þátttaka þeim merkingarberari. Þessar niðurstöður, bæði þær sem eru marktækar og þær sem eru ómarktækar, gefa tilefni til að standa markvisst að því að efla samhygð ungmenna og skilning þeirra á lýðræði m.a. í þeim tilgangi að stuðla að jákvæðu viðhorfi þeirra til pólitískrar þátttöku.

Fjórdða meginniðurstaðan er um mikilvægt hlutverk foreldra við að hlúa að borgaravitund barna sinna. Nánar tiltekið höfðu þau ungmenni, sem upplifðu meiri stuðning og hvatningu foreldra sinna, jákvæðara viðhorf til félagslegrar þátttöku fólks. Tilhneiging í sömu átt kom fram um tengsl á milli stuðnings foreldra og viðhorfs ungmennanna til stjórnmálaþátttöku fólks. Þessi athugun heyrir til nýmæla rannsóknarinnar. Einnig kom fram að þau sem áttu foreldra sem tóku þátt í stjórnmála- og/eða sjálfbodaliðastarfi höfðu jákvæðara viðhorf til pólitískrar þátttöku fólks. Þessar niðurstöður styrktu því enn frekar fyrri niðurstöður okkar um gildi uppeldisaðferða og þátttökufyrirmynda um viðhorf ungmenna til pólitískrar þátttöku, þar sem þær komu fram þótt við tækjum nú einnig með í reikninginn samhygð ungmennanna og skilning þeirra á lýðræði (Ragný Þóra Guðjohnsen & Sigrún Aðalbjarnardóttir 2016).

Fimmta meginniðurstaðan er sú að reynsla ungmenna af félagsþátttöku eykur líkur

á jákvæðu viðhorfi þeirra til þátttöku fólks í félagsstarfi af pólíttískum toga. Þessi niðurstaða styður mikilvægi þess að ungmenni fái tækifæri til slíkrar þátttöku frá unga aldri sem lið í því að hvetja þau til virkrar þátttöku í framtíðinni. Rannsókn Jennings og Stoker (2004) hefur einmitt gefið mikilvægar vísbendingar um gildi slíkra þátttökumöguleika fyrir ungt fólk. Langtímarannsókn þeirra bendir til þess að borgaraleg þátttaka ungmenna, meðal annars í sjálfbóðaliðastarfi, auki líkur á pólíttískri félagsþátttöku þeirra síðar á ævinni svo sem þátttöku í samfélagsþjónustu og starfi stéttarfélaganna.

Eitt nýnæmi rannsóknarinnar bæði á innlendum og erlendum vettvangi er að skoðað var mismunandi form pólíttískrar þátttöku (félagsleg, stjórnmálaleg) með því að láta megindleg (spurningalistar) og eigindleg (viðtöl) gögn spila saman. Með því fæst hér ekki aðeins almenn mynd af stöðu mála eins og hvert viðhorf ungmenna er til pólíttískrar þátttöku heldur einnig hverjar áherslur þeirra eru sem birtast í markmiðum þeirra og leiðum til að ná þeim. Hið sama er að segja um viðhorf þeirra til pólíttískrar þátttöku eftir samhygd þeirra og skilningi þeirra á lýðræði. Með öðrum orðum, með því að hlusta á raddir þeirra og draga fram þemu þeirra fæst dýpri skilningur á því almenna mynstri sem fram kemur. Annað mikilvægt nýnæmi er að ekki verður séð að samhygd ungmenna annars vegar og skilningur þeirra á mikilvægi lýðræðis hins vegar hafi verið athugað fyrir í tengslum við viðhorf þeirra til mismunandi forma pólíttískrar þátttöku. Þriðja nýnæmið er að uppeldisaðferðir foreldra hafa ekki verið kannaðar í tengslum við þessi form pólíttískrar þátttöku með því að taka jafnframt marga aðra mikilvæga þætti inn í myndina sem tengjast viðhorfum ungmenna til pólíttískrar þátttöku eins og hér var gert.

Framangreindar niðurstöður gefa okkur mikilvægar vísbendingar um viðhorf ungs fólks til pólíttískrar þátttöku og um þá þætti sem geta stuðlað að jákvæðum viðhorfum til slíkrar þátttöku. Í huga þeirra getur þátttaka í pólíttískum verkefnum á unglingsárum verið margvísleg bæði hvað málefni og form áhrærir. Sú hugsun þeirra á hlómgrunn í fræðilegri umræðu um mikilvægi þess að lýðræðisformið sé í sífelldri þróun og þar með pólíttísk þátttökuform (Kahne o.fl. 2015).

Hér á landi má sjá merki slíkrar þróunar með aukinni áherslu á að gefa ungu fólki tækifæri til þátttöku í stefnumótun í sveitarfélögum (Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011; Æskulýðslög nr. 70/2007). Þá er aukin krafa um að rödd ungs fólks fái vægi í skóla- og félagsstarfi (Ólafur Páll Jónsson 2011; Sigrún Aðalbjarnardóttir & Eva Harðardóttir 2012) og sjá má þess merki í stofnun ungmennaráða í félagasamtökum eins og Rauða krossinum og UNICEF.

Niðurstöður rannsóknarinnar gefa tilefni til bjartsýni um að ungt fólk vilji vera virkir þátttakendur í pólíttísku starfi og hafa þar rödd. Einnig eru þær hvatning og áskorun um mikilvægi þess að rækta jákvæð viðhorf ungmenna til pólíttískrar þátttöku með því að hlúa að skilningi þeirra á lýðræði og efla samhygd þeirra. Stuðningur foreldra og að þeir séu börnum sínum fyrirmyndir með eigin þátttöku í pólíttísku starfi geti jafnframt stuðlað að jákvæðu viðhorfi þeirra til virkrar pólíttískrar þátttöku (Bekkers 2007). Síðast en ekki síst kom fram mikilvægi þess að ungu fólki séu gefin tækifæri til pólíttískrar þátttöku strax á barnsaldri sem síðar kann að styðja við virka borgaravítund þeirra og þátttöku á full-orðinsárum. Lýðræðislegt samfélag byggist ekki síst á slíkri þátttöku.

## Þakkir

Vísindasjóður Rannsóknaráðs Íslands og Rannsóknasjóður Háskóla Íslands veittu Sigrúnu Aðalbjarnardóttur mikilvæga styrki til rannsóknarinnar *Borgaravítund ungs fólks í lýðræðissamfélagi* sem þessi rannsókn er hluti af. Ungmennin sem tóku þátt í rannsókninni fá sérstakar þakkir. Foreldrum ungmennanna, skólastjórnendum og kennurum þeirra eru einnig færðar bestu þakkir. Jafnframt er aðstoðarfólki sem tók þátt í gagnasöfnun þakkað fyrir afar vel unnin störf.

## Heimildir

- Amná, E. og Ekman, J. (2015). „Standby citizens: Understanding non-participation in contemporary democracies“. Í M. Barrett og B. Zani, (ritstj.) *Political and civic engagement: Multidisciplinary perspectives* (bls. 96–108). New York, NY: Routledge.
- Banks, J. (2017). *Citizenship education and global migration: Implications for theory, research, and teaching*. Washington, D.C.: American Educational Research Association.
- Baumrind, D. (1971). „Current patterns of parental authority“. *Developmental Psychology Monographs*, 4(1), 1–103.
- Bekkers, R. (2007). Intergenerational transmission of volunteering. *Acta Sociologica*, 50(2), 99–114.
- Bennett, W.L. og Segerberg, A. (2013). *The logic of connective action: Digital media and the personalization of contentious politics*. Cambridge, United Kingdom: Cambridge University Press.
- Blais, A. og Rubenson, D. (2013). „The source of turnout decline: New values or new contexts“. *Comparative Political Studies*, 46(1), 95–117.
- Bolzendahl, C. og Coffé, H. (2013). „Are “good” citizens “good” participants?“. Testing citizenship norms and political participation across 25 nations“. *Political Studies*, 61, 45–65.
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research. A practical guide for beginners*. Los Angeles, CA: Sage.
- Charmaz, K. (2006). *Constructing grounded theory. A practical guide through qualitative analysis*. London: Sage.
- Cicognani, E., Zani, B., Fournier, B., Gavray, C. og Born, M. (2012). „Gender differences in youths’ political engagement and participation. The role of parents and of adolescents’ social and civic participation“. *Journal of Adolescence*, 35, 561–576.
- Copeland, L. (2014). „Value change and political action: Postmaterialism, political consumerism and political participation“. *American Politics Research*, 42(2), 257–282.
- Eva H. Önnudóttir og Ólafur Þ. Harðarson (2014). „Þátttaka í sveitarstjórnarkosningum: „Eðlileg“ þróun eða vantraust á stjórn málum?“ Þjóðarspejillinn. Ráðstefna í félagsvísindum XV. Ágripabók. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Evrópuráðið. (2011). Learning and living democracy for all. Sótt af: [http://www.coe.int/t/dg4/education/edc/Source/Pdf/Coordinators/Report\\_11\\_meeting\\_coord\\_Strsbrg\\_en.pdf](http://www.coe.int/t/dg4/education/edc/Source/Pdf/Coordinators/Report_11_meeting_coord_Strsbrg_en.pdf)
- Flanagan, C.A. (2013). *Teenage citizens: The political theories of the young*. Cambridge, MA: Harvard University Press.
- Franklin, M.N., Lyons, P. og Marsh, M. (2004). „Generational basis of turnout decline in established democracies“. *Acta Politica*, 39, 115–151.
- Galston, W.A. (2001). „Political knowledge, political engagement, and civic education“. *Annual Review of Political Science*, 4, 217–234.
- Grétar Þór Eypórsson og Eva H. Önnudóttir (2017). Abstainers’ reasoning for not voting: The Icelandic local government election 2014. *Íslenska þjóðfélagið*, 8, 23–42.
- Guðmundur Heiðar Frímansson (2006). „Íbúalýðræði“. Í Úlfar Hauksson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VII* (bls. 651–659). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Gunnar Helgi Kristinsson (2014). „Hín mörgu andlit lýðræðis: Þátttaka og vald á sveitarstjórnarstigi“. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

- Hagstofa Íslands (2017a). Þátttaka í sveitarstjórnarkosningum 1938-2014. Sótt af [http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar\\_\\_kosningar\\_\\_yfirlit/KOS02005.px/table/tableViewLayout1/?rxid=de4d7975-8324-4969-bc04-61c652f41c2f](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__kosningar__yfirlit/KOS02005.px/table/tableViewLayout1/?rxid=de4d7975-8324-4969-bc04-61c652f41c2f)
- Hagstofa Íslands (2017b). Þátttaka í Alþingiskosningum 1938-2014. Sótt af [http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar\\_\\_kosningar\\_\\_yfirlit/KOS02001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=da4a865d-febf-48e8-9f00-f1a4e0a3ad30](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__kosningar__yfirlit/KOS02001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=da4a865d-febf-48e8-9f00-f1a4e0a3ad30)
- Hagstofa Íslands (2017c). Þátttaka í Alþingiskosningum 1938-2014. Sótt af <https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/kosningar/forsetakjor-25-juni-2016/>
- Haste, H. og Hogan, A. (2006). Beyond conventional civic participation, beyond the moral-political divide: Young people and contemporary debates about citizenship. *Journal of Moral Education*, 35, 473–493.
- Hastings, P.D., Zahn-Waxler, C.Z., Robinson, J., Usher, B. og Bridges, D. (2000). „The development of concern for others in children with behavior problems“, *Developmental Psychology*, 36, 531–546.
- Heidegger, M. (1927, 1962). *Being and time* (J. Macquarrie og E. Robinson, þýddu). Oxford, United Kingdom: Blackwell.
- Hoffman, M.L. (2001). *Empathy and moral development: Implications for caring and justice*. Cambridge, United Kingdom: Cambridge University Press.
- Hooghe, M. og Oser, J. (2015). „The rise of engaged citizenship: The evolution of citizenship norms among adolescents in 21 countries between 1999 and 2009“. *International Journal of Comparative Sociology*, 56(1), 29–52.
- Hooghe M., Oser J. og Marien S. (2016). „A comparative analysis of “good citizenship”: A latent class analysis of adolescents’ citizenship norms in 38 countries“. *International Political Science Review*, 1, 115–129.
- Husserl, E. (1970). *The Origin of Geometry. Appendix: VI of The crisis of European sciences and transcendental phenomenology. An introduction to phenomenological philosophy* (D. Carr, þýddi). Evanston, IL: Northwestern University Press. (Upphaf. gefið út 1936).
- Inglehart, R. og Welzel, C. (2010). „Changing mass priorities: The link between modernization and democracy“. *Perspectives on Politics*, 8, 551–567.
- Jennings, M.K. og Stoker, L. (2004). „Social trust and civic engagement across time and generations“. *Acta Politica*, 39(4), 342–379.
- Johnston, R.J., Scott M. og Bittner, A. (2006). „Alienation, indifference, competitiveness and turnout: Evidence from Canada, 1988 to 2004“. Paper presented to the American Political Science Association Annual General Meeting, Philadelphia, PA.
- Jolliffe, D., og Farrington, D. P. (2006). Development and validation of the basic empathy scale. *Journal of Adolescence*, 29, 589–611.
- Kahne, J., Middaugh, E. og Allen D. (2015). „Youth, new media, and the rise of participatory politics“. Í D. Allen og J.S. Light (ritstj.), *From voice to influence: Understanding citizenship in a digital age* (bls. 35–56). Chicago, IL: The University of Chicago Press.
- Konrath, S. H., O’Brien, E. H. og Hsing, C. (2011). „Changes in dispositional empathy in American college students over time: A meta-analysis“. *Personality and Social Psychology Review*, 15(2), 180–198.
- Kubow, P., Grossman, D. og Ninomiya, A. (2012). „Multidimensional citizenship: Educational policy for the 21st century“. Í J.J. Cogan og R. Derricot (ritstj.), *Citizenship for the 21st century: An international perspective on education* (bls. 115–133). London, United Kingdom: Kogan Page.
- Lamborn, S.D., Mounts, N.S., Steinberg, L. og Dornbusch, S.M. (1991). „Patterns of competence and adjustment among adolescents from authoritative, authoritarian, indulgent and neglectful families“. *Child Development*, 62, 1049–1065.
- Ólafur Páll Jónsson (2011). *Ljóræði, réttlæti og menntun. Hugleiðingar um skilyrði mennskunnar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan
- Martin, A.J. (2012). *Young people and politics: Political engagement in the Anglo American democracies*. London, United Kingdom: Routledge.

- Menntamálaráðuneytið. (2011). Ný menntastefna – útgáfa aðalnámskrár. Sótt af <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkygningar/nr/6004>
- Neundorf, A., Smets, K. og García-Albacete, G.M. (2013). „Homemade citizens: The development of political interest during adolescence and young adulthood“. *Acta Politica*, 48, 92-116.
- Norris, P. (2011). *Democratic deficit: Critical citizens revisited*. Cambridge, United Kingdom: Cambridge University Press.
- OECD. (2011). *Cooking, caring and volunteering: Unpaid work around the world*. Sótt af <http://www.oecd.org/berlin/47258230.pdf>
- Print, M. og Lange, D. (ritstj.) (2013). *Civic Education and Competences for Engaging Citizens in Democracies*. Rotterdam: Sense Publishers.
- Putnam, R. D. (2000). *Bowling alone: The collapse and revival of American community*. New York, NY: Simon og Schuster.
- Ragný Þóra Guðjohnsen og Sigrún Aðalbjarnardóttir (2011). „Mín köllun er að hjálpa og reyna að láta gott af mér leiða“: Sýn ungmenna á sjálfbæðaliðastarf sitt. *Uppeldi og menntun*, 20, 95-120.
- Ragný Þóra Guðjohnsen og Sigrún Aðalbjarnardóttir (2016). Uppeldisaðferðir foreldra og viðhorf ungmenna til virkrar borgaralegrar þátttöku fólks. Í Guðrún Kristjánsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir og Sóley S. Bender (ritstj.), *Ungt fólk – Tekist á við tilveruna* (bls. 265-286). Rvík: Hið íslenska bókmenntafélag
- Selman, R.L. (2003). *The promotion of social awareness: Powerful lessons from the partnership of developmental theory and classroom practice*. New York: Russell Sage.
- Sherrod, L.R., Torney-Purta, J. og Flanagan, C.A. (2010). *Handbook of research on civic engagement in youth*. Hoboken, NJ: Wiley.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir (2007). *Virðing og umbygging: Ákall 21. aldar*. Reykjavík: Heimskringla, Háskólaforlag Máls og menningar.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir og Eva Harðardóttir (2012). „Lýðræðislegar bekkjarumræður og viðhorf til réttinda innflytjenda: Sýn nemenda“. *Netla – Vefritarrit um uppleddi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2012/013.pdf>
- Smith, C., Christoffersen, K., Davidson, H. og Herzog, P.S. (2011). *Lost generational differences in community feeling in transition: The dark side of emerging adulthood*. New York, NY: Oxford University Press.
- Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011. Sótt af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2011138.html>
- Torney-Purta, J., Schwillie, J. og Amadeo, J. (1999). *Civic education across countries: Twenty-four national case studies from the IEA civic education project*. Amsterdam, Netherlands: International Association for the Evaluation of Educational Achievement.
- Torney-Purta, J. og Amadeo, Jo-A. (2003). „A cross-national analysis of political and civic involvement among adolescents“. *Political Science and Politics*, 36(2), 269-274.
- Twenge J. M., Campbell, W. K. og Freeman, E. C. (2012). „Generational differences in young adults’ life goals, concern for others, and civic orientation, 1966–2009“. *Journal of Personality and Social Psychology*, 102, 1045–1062.
- Venkatesh, V., Brown, S.A. og Bala, H. (2013). „Bridging the qualitative-quantitative divide: Guidelines for conducting mixed methods research in information systems“. *MIS Quarterly: Management Information Systems*, 37, 27-54.
- Wattenberg, M.P. (2016). *„Is voting for young people?“*. New York: Routledge.
- Welzel, C. (2013). *Freedom rising: Human empowerment and the quest for emancipation*. Cambridge, United Kingdom: University Press.
- Westheimer, J. og Kahne, J. (2004). „What kind of citizen: The politics of educating for democracy“. *American Educational Research Journal*, 41, 237–269.
- Yates, M. og Youniss, J. (1999). *Roots of civic identity: International perspectives on community service and activism in youth*. Cambridge, United Kingdom: Cambridge University Press.
- Æskulýðslög nr. 70/2007. Sótt af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2007070.html>

